

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## 7. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR - MENNINGAR OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILID 2018-2022

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS, MIÐVIKUDAGINN 25. SEPTEMBER 2019, KL. 16:00

Miðvikudaginn þann 25. september árið 2019 var haldinn fundur í fræðslu, tómsundar, menningar og kynningarnefnd Súðavíkurbrepps.

Mætt voru á fundinn: Stella Guðmundsdóttir, Elsa G. Borgarsdóttir, Oddný Bergsdóttir, Örn Elías Guðmundsson og Anna Lind Ragnarsdóttir.

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundarins.

Fundargerð ritar Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

### Dagskrá:

1. Val á íþróttamanni sveitarfélaga – erindi frá Ísafjarðarbæ.
2. Mötuneyti – fyrirkomulag og verðskrá.
3. Tómsundur – styrkir og kostnaður – verðskrá.
4. Stöðugildi í leikskóla – ráðning
  - a. Ráðning í heilt stöðugildi.
  - b. Hálf stöðugildi – sérverkefni.
5. Erindi vegna ærslabelgs – reglur.
6. Áskorun grænkera.
7. Barnamenningarhátíð.
8. Örnefnanefnd – tilmæli.
9. Kirkja Súðavíkursóknar – kostnaður vegna málunar.
10. Ærslabelgir – fyrirspurn.
11. Tilnefning – hjónin í Hvítanesi.
12. Forvarnardagurinn.
13. Endurnýjun upplýsingaskilta í Súðavíkurbreppi.
14. Líkamsrækt á Langeyri – rekstur.
15. Hvalasporðar – hlutverk og nýting.
16. Önnur mál til kynningar.

LB. ÖFG S.G.  
OEF

1. Val á íþróttamanni sveitarfélaga – erindi frá Ísafjarðarbæ.  
Ákveðið að leggja til samvinnu og samræmingu á reglum.
2. Mötuneyti – fyrirkomulag og verðskrá.  
Leggja línur með innkaup og matseðil fyrir mötuneyti skóla og skýra betur kröfur um mötuneyti.
3. Tómsundur – styrkir og kostnaður – verðskrá. Samþykkt tillaga um að hækka frístundastyrk um 5000 kr. Stuðla að betri kynningu frístundastyrks með einblöðungi sem yrði sendur foreldrum. Skýra reglur um styrkj-hæfar tómsundur.
4. Stöðugildi í leikskóla – ráðning
  - i. Ráðning í heilt stöðugildi.  
Samþykkt að ráða starfskraft í heilt stöðugildi fyrir annað stöðugildi sem dettur út.
  - ii. Hálf stöðugildi – sérverkefni.  
Samþykkt að ráða inn hálf stöðugildi í sérverkefni.
  - iii. Auglýsing vegna stuðningsfulltrúa:  
Samþykkt að setja í auglýsingu enda ljós þörf fyrir stöðugildi.
5. Erindi vegna reglna um ærslabelg.  
Nefndin leggur til að þessi hluti reglna verði tekinn út.
6. Áskorun grænkera.  
Lagt til kynningar – ekki tekin afstaða.
7. Barnameningarhátíð.  
þarf að útfæra nánar og skilgreina.
8. Örnefnanefnd – tilmæli.  
Nefndin leggur til að stuðlað verði frekar að notkun íslenskra nafna, að minnsta kosti í grunninn þrátt fyrir notkun enskra eða erlendra nafna í markaðssetningu.
9. Kirkja Súðavíkursóknar – kostnaður vegna málunar.  
Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti fram komna styrkbeiðni.
10. Tilnefning – hjónin í Hvítanesi.  
Nefndin leggur til að þau verði tilnefnd og jafnframt að heiðra þau með viðeigandi hætti ásamt nafnbót. Lagt til að nefndin ásamt sveitarstjórn vinni þá hugmynd áfram.
11. Forvarnardagurinn.  
Tökum undir erindi og leggjum til og stuðlum að þátttöku og kynningu.
12. Endurnýjun upplýsingaskilta í Súðavíkurhreppi.  
Skiltin þarfnast öll uppfærslu og lagt til að það verði gert í samráði við þá sem reka þjónustu. Almennan texta og vísan í heimasíðu sudavik.is
13. Líkamsrækt á Langeyri – rekstur.  
Nefndin leggur til að rekstur verði ákveðinn í samráði við Geisla, bæði hvað varðar fjármögnun, þrif og viðhald og endurnýun tækja. Nefndin er meðmælt áframhaldandi núverandi rekstrarfyrirkomulagi að því tilskyldu að samkomulag náist um umsjón.
14. Hvalasporðar – hlutverk og nýting.  
Taka til umræðu – jafnvel á nýrri heimasíðu, eða á íbúafundi.
15. Önnur mál.
  - i. Aðstaða kennara í Súðavíkurskóla.  
Lagt til að sveitarstjóra verði falið í samráði við skólustjóra og kennara að bæta vinnuástöðu kennara og að fjármagn verði markað í það árlega á fjárhagsáætlun.

DEB S.E

Fleira ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.  
Fundu lýkur kl. 18:27

Sign.

Stella Guðmundsdóttir  
*Stella Guðmundsd.*

*Elsa G. Borgarsd.*  
Elsa G. Borgarsdóttir

*Oddný B. Bergsd.*  
Oddný Bergsdóttir

Anna Lind Ragnarsdóttir

*Örn Elias*  
Örn Elias Guðmundsson